

Hafnarfjarðarbær
Anna Sofía Kristjánsdóttir, arkitekt
Strandgötu 8
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 20. september 2007
/--

Efni: Breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfangi, Hnoðravellir 21 - 31, Hafnarfjörður

Við er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. .. 2007, þar sem breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfangi, Hnoðravellir 21 - 31, er send Skipulagsstofnun til yfirferðar skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarfulltrúa, 15. ágúst 2007. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26 gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í að í stað tveggja hæða raðhúsa verði reist einnar hæðar raðhús. Byggingarreitur lengist um 4,5 m og hámarks grunnstærð húsa verður 175 m² og hámarkshæð 5,4 m.

Yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna er á upprætti.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á upprætti í mkv. 1:500, dags. 14. apríl 2007 og er greinargerð á upprætti.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B- deild Stjórnartíðinda en bendir á að að jafnframt þarf að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar þar sem framangreind breyting getur haft fordæmisgildi, og því eðlilegt að fleiri en næstu nágrennar viti af henni.

Jafnframt þarf að lagfæra eftirfarandi atriði:

- Uppdráttur er sýnir hluta úr gildandi aðalskipulagi á að vera í sama mælikvarða og gildandi deiliskipulag.
- Taka þarf út merkinguna R6 fyrir framangreind hús og gera í staðinn sérstaklega grein fyrir framangreindri húsagerð í skilmálum.
- Deiliskipulagsbreytingin þarf að vera sett fram með sama hætti og sömu táknum og gildandi deiliskipulag.

Stofnuninni þurfa að berast lagfærð gögn.

Guðsteinn Guðlaugsson
Guðsteinn Guðlaugsson

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

| | |
|------------------|------------|
| Hafnarfjarðarbær | |
| Innk: | 24.09.2007 |
| Málsnr: | 0709220 |
| Bréfal: | 521.1 |

Kennitala: 590269 - 5149
Tölvupóstur: skipulag@skipulag.is
Heimasíða: www.skipulag.is

0707 010
0707 008